

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík, 11. ágúst 2023
UST202307-020/B.S.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030 - Stóri-Hamar 1.

Vísað er til erindis Eyjafjarðarsveitar dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi vegna efnistöku í landi Hamars 1.

Umhverfisstofnun telur að svæðið á mynd 1. Sem afmarkað er með gulri línu henti að mörgu leyti vel til efnistöku. Þarna hefur sýnilega verið tekið efni áður og því telur stofnunin betra að fullnýta slík svæði í stað þess að opna námu í óröskuðu landi.

Í greinargerð segir að efnistökusvæðin eru aðallega á vatnasvæði Eyjafjarðarár og þveráa hennar og er þá um endurnýjanleg efnistökusvæði að ræða. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja fullyrðingar um að framburður Eyjafjarðarár sé það mikill að um sjálfbæra efnistöku í farvegi árið sé að ræða.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediksson,
sérfræðingur